

unnar, en það getur eigi komið hjer til álita, hvort þessi hreppsnefnd hafi haft ástæðu til að neita sveitfesti Steinunnar eða eigi. — Ef rjett hefði verið að farið, hefði barnsfaðirinn (eða framfærslusveit hans) átt að greiða helming að minsta kosti með hinum tveimur börnum, er sveitin tók að sjer, en móðirin eða framfærslusveit hennar hinn helminginn, þangað til faðirinn, Jón Brandsson, dó um fardaga 1896. Fyrir það barnið, er eigi var tekið á sveitarframfæri, bar hreppsnefndinni í Vesturlandeyjahreppi auðvitað eigi að leita meðlagsúrskurðar frá amtinu. Því úrskurðast hjer með, að Dyrhólahreppur hinn forni greiði Vesturlandeyjahreppi hálf meðlag með tveimur börnum Steinunnar Sigurðardóttur frá 19. sept. 1893 til fardaga 1896, eða 190 kr. 28 a., og fult meðlag fyrir fardagaárin 18^{96/97} og 18^{97/98} eða 260 kr., samtals 450 kr. 28 a.

Þetta er yður til vitundar gefið til leiðbeiningar og birtingar fyrir nefndum sveitarfjelögum.

Auglýsing

70

um breyting á yfirsetukvennaumdamaskipun í Suðuramtinu eins og hún er ákveðin í auglýsingu 9. maí 1896 (Stjórnartíðindi 1896, B. bls. 68—70).

Samkvæmt ályktun amtsráðsins á fundi þess, 25.—27. f. m., er Krisivíkursókn hjer með skilin frá 1. yfirsetukvennaumdæmi Árnessýslu og lögð til 12. yfirsetukvennaumdæmis Gullbringu- og Kjósarsýslu.

Íslands Suðuramt, Reykjavík 9. Júlí 1900.

J. Havsteen.

Auglýsing

71

um breyting á yfirsetukvennaumdamaskipun í Vesturamtinu, eins og hún er ákveðin með auglýsingum 9. maí og 9. nóvbr. 1896 og 13. desbr. 1899 (Stjórnartíðindi 1896, B. bls. 70—72 og 204, og 1899, bls 224—225).

Samkvæmt ályktun amtráðsins á fundi þess 18. þ. m., er sú breyting gjörð á 5. og 6. yfirsetukvennaumdæmi Snæfellsness- og Hnappadalssýslu, að bæirnir utan Breiðavíkurhrauns í Breiðavíkurhreppi, sem er 6. umdæmið, eru lagðir undir 5. umdæmið (Neshrepp ytri), sem þá nær yfir alla Ingjaldshólsókn.

Samkvæmt þessu er 5. umdæmið, Neshreppur ytri, að meðtöldum þeim parti af Ingjaldshólssókn, sem er í Breiðavíkurhreppi, en 6. umdæmið hinn hluti Breiðavíkurhrepps.

Íslands Vesturamt, Reykjavík 27. júlí 1900.

J. Havsteen.